



REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR

1. JÚNÍ 2007

NÝ TÓBAKSVARNALÖG TAKA GILDI ÞANN 1. JÚNÍ 2007. FRÁ OG MEÐ ÞEIM TÍMA ERU REYKINGAR EKKI LEYFÐAR Í ÞJÓNUSTURÝMI INNANHÚSS, ÞAR MEÐ TALID Á ÖLLUM VEITINGA- OG SKEMMTISTÖÐUM.

Þann 1. júní nk. kemst Ísland í hóp þeirra fjölmörgu landa sem hafa nú þegar bannað reykningar inni á veitingastöðum eða hyggjast gera það á næstu mánuðum. Það er liðinn langur tími síðan hótél- og veitingamenn hófu að bjóða upp á reyklusvæði, reyklus herbergi og reyklusan morgunverð án þess að sérstaklega væri getið um slíkt í lögum eða reglum. Gestir fyrirtækjanna, sérstaklega erlendir ferðamenn, kölluðu eftir þeim breytingum. Smám saman hafa hótélin bætt við reyklusum herbergjum og veitingastaðirnir bætt við reyklusu rýmin. Fjölmarginir veitingastaðir leyfa ekki reykningar í matsölum auk þess sem reyklusum veitinga- og gististöðum fjölgar mikið.

Viðhorf bæði gesta og starfsmanna hafa breyst umtalsvert og gera báðir hópar síauknar kröfur um hreint loft. Segja má að sú staðreynd að starfsfólk veitingastaða býr ekki við það hreina andrúmsloft sem lög kveða á um, hafi átt stærstan þátt í ákvörðun veitingamanna um að hvetja til reykbanns. Samtök ferðapjónustunnar vonast til þess að bæði starfsfólk, stjórnendur og gestir veitingastaðanna taki höndum saman til þess að breytingin geti gengið sem best fyrir sig.

Erna Hauksdóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar





VIÐHORF VIÐSKIPTAVINA SÍFELT JÁKVÆÐARA

Lýðheilsustöð fól Capacent-Gallup að gera könnun í mars 2007 á viðhorfi landsmanna til reyklausra veitingahúsa. Þar kom fram að 74% svarenda voru fylgjandi því að allir veitinga- og skemmtistaðir verði reyklausir og þar af voru rúm 57% mjög hlynnt þessari breytingu. Þetta er töluverð aukning frá könnun sem gerð var í mars 2005 en þá voru um 60% svarenda fylgjandi reyklausum veitingahúsum.

Í könnuninni kom einnig fram að um og yfir 90% svarenda telja sig koma til með að fara jafn oft eða oftar á kaffihús, bari, veitinga- og skemmtistaði þegar þessir staðir verða reyklausir. Þegar skoðaður er sérstaklega hópurinn sem sækir þessa staði oftar en einu sinni í mánuði kemur jafnframt í ljós að mun fleiri segjast ætla að fara oftar á þessa staði, eftir að löginn taka gildi, heldur en þeir sem ætla að fara sjaldnar.

Þessar niðurstöður benda til þess að veitingamenn þurfi ekki að óttast minni aðsókn gesta eftir að lög um reyklausa veitinga- og skemmtistaði verða að veruleika.

HVAÐ ER Í BODI FYRIR ÞÁ SEM REYKJA?

Samkvæmt nýju lögnum er hvergi leyft að reykja innanhúss í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða. Ekki er því leyfilegt að skipta staðnum í reyksvæði og reyklaust svæði. Hins vegar er heimilt að reykja utandyra, undir beru lofti eða þaki, föstu eða færanglegu. Ef útisvæði er undir þaki má loka því

að $\frac{3}{4}$ hlutum en tryggja verður að nægt loftstreymi sé upp í gegnum þakið eða meðfram þakskeggi. Starfsfólk á ekki að verða fyrir óbeinum reykingum á vinnustaðnum og því verður að vera tryggt að loftstreymið á útisvæðinu sé mjög gott.



KYNNINGAREFNI FYRIR VEITINGAMENN

Veitingamenn fá þennan bækling í sérútbúinni pappaöskju, ásamt fleira efni. Er þetta liður í því að þeir, starfsfólkið og viðskiptavinir fái góða kynningu á laga-breytingunni og því sem hún felur í sér. Efnið eiga veitingamenn að geta nýtt sér til að veita greinargóðar upplýsingar um reglurnar sem gjalda um reykingar og komast um leið hjá því að svara stöðugt sömu spurningunum.

Í öskjunni eru, auk bæklingins, límmiðar, sem t.d. er gott að setja í glugga við inn-gang, borðspjöld til að hafa á borðum eða bar og veggspjald. Á veggspjaldinu eru upplýsingar um lögin og ábendingar sem starfsfólk getur nýtt sér ef gestir virða ekki lögin.

Vegna lagasetningarinnar hefur verið útbúið svæði á heimasíðu Lýðheilsustöðvar með efni um lögin. Þar er að finna frásagnir frá öðrum löndum, íslenskar og erlendar skýrslur auk svæðis sem sértaklega er gert fyrir veitingamenn. Þar er hægt að panta meira af því efni sem sent er í þessum pakka: www.lydheilsustod.is.

**REYKLAUSIR
VEITINGA- OG
SKEMMTISTAÐIR**

1. JÚNÍ 2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ